

Fimmtudaginn 4. júní 1992.

Nr. 228/1992. **Jóhanna Tryggvadóttir vegna sín og
Evrópuferða
gegn
Halldóri Ástvaldssyni.**

Kærumál. Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 25. maí 1992 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Hafnarfjarðar 11. s. m. í bæjarþingsmálinu nr. 1159/1991. Kæra ásamt gögnum barst Hæstarétti 29. s. m. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð. Er hann án forsendna og hljóðar svo:

„Beiðni stefndu, Jóhönnu Tryggvadóttur, um frest er synjað.“

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti forsendur fyrir úrskurði sínum, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Úrskurður héraðsdómara um synjun frestbeiðni sætir eigi kæru til Hæstaréttar samkvæmt gagnályktun frá j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jóhanna Tryggvadóttir vegna sín og Evrópuferða, greiði varnaraðila, Halldóri Ástvaldssyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.